



Fundargerð

442. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps,
þriðjudaginn 15. okt. 2019 kl. 15:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt eru; Ingimar Ingimarsson (II), Árný Huld Haraldsdóttir(ÁHH), Embla Dögg B. Jóhannsdóttir(EDBJ), Jóhanna Ösp Einarsdóttir(JÖE) og Karl Kristjánsson (KK) auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 3 blaðsíður.

Oddviti II bauð fólk velkomið og setti fund. Hann óskaði eftir að taka á dagskrá undir önnur mál; „Sala íbúða“, „Fundarboð - Framtíð Breiðafjarðar“ og „Hótelið í Flatey - forkaupsréttur.“

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

Fundargerðir sveitarfélagsins.

1. Skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefnd frá 9. október 2019:

Formaður fór yfir fundargerðina.

Sveitarstjórn samþykkir 1. lið; Vindorkugarður Garpsdal - matsáætlun.
Sveitarstjórn samþykkir að senda áætlunina til umsagnar og kynningar.

Tekinn fyrir liður 2, starfsmannamál. Fyrir liggja tvær umsóknir um starf bæjarverkstjóra frá Guðmundi Arnarssyni og Ólafi Birni Halldórssyni.

Vegna 3. og 4. liðar samþykkir sveitarstjórn að fram fari grenndarkynning á lóð fyrir brunaskýli og fl.

Vegna 5. liðar; tekin fyrir samningur við Stertuvík um vinnu að orku- og auðlindastefnu í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Reykhólahrepps.
Samþykkt að fara í fyrsta áfanga enda sé svigrúm til þess innan fjárhagáætlunar.

Tekinn fyrir 10. liður; Vestfjarðavegur 60 - aðalskipulagsbreyting - umsagnir:

Teknar fyrir tillögur skipulagsnefndar og þær ræddar.

Oddviti bar upp tillögu meirihluta skipulagsnefndar um að hverfa frá ÞH-leið. KK og II greiddu atkvæði með tillögunni en JÖE, ÁHH og EDBJ gegn. Tillagan því felld með 3 atkvæðum gegn 2.

Meirihluti sveitarstjórnar leggur fram eftirfarandi rökstuðning fyrir afstöðu sinni.

„Hlutverk sveitarfélags

Í undirbúningi fyrir ákvörðun um aðalskipulagsbreytingu Vestfjarðavegar um Gufudalssveit hefur Reykhólahreppur lagt sig fram við að leita að ásættanlegri niðurstöðu fyrir umhverfi og samfélag. Unnið hefur verið í samræmi við þann lagaramma sem er í gildi s.s. skipulagslög, lög um mat á umhverfisáhrifum, lög um umhverfismat áætlaða, náttúruverndarlög, lög um skóga og skógrækt, vegalög og lög um verndun Breiðafjarðar.

Markmið breytinga á aðalskipulagi er að auka umferðaröryggi, auka greiðfærni og stytta leiðir á svæðinu með öruggari og burðarmeiri vegi. Samgöngubætur með nýjum Vestfjarðavegi munu hafa verulega jákvæð áhrif á samfélagið í Reykhólahreppi og á sunnanverðum Vestfjörðum.

Það er hlutverk sveitarfélagsins að tryggja að ráðist verði í nauðsynlegar samgöngubætur á Vestfjarðavegi og tryggja að dregið verði úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmda eins og kostur er. Sveitarfélagið hefur leitað lausna á þessu mikilvæga verkefni og niðurstaðan er að leið Þ-H er sá kostur sem tryggir nauðsynlegar samgöngubætur, en um leið setur sveitarfélagið skýra skilmála fyrir framkvæmdum, sem felast í að endurheimta skóg, votlendi og gróður sem raskast, og tryggja að hönnun brúa tryggi full vatnsskipti og dragi úr botnrofi.

Fagleg málsmeðferð

Í undirbúningi fyrir ákvörðun um aðalskipulagsbreytingu Vestfjarðavegar um Gufudalssveit hefur Sveitarfélagið Reykhólahreppur staðið að málsmeðferð í fullu samræmi við lög og reglur. Í ferlinu hefur verið aflað ítarlegra og nauðsynlegra upplýsinga um kosti og galla valkosta sem hafa verið til skoðunar. Við endanlega ákvörðun um leiðaval var litið til umhverfisáhrifa, áhrifa á samfélag, markmiða með samgöngubótum og kostnað.

Í samræmi við náttúruverndarlög hefur sveitarfélagið leitað allra leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið. Skoðaðir voru aðrir valkostir en upphafleg tillaga Þ-H til að koma í veg fyrir áhrif á Teigsskóg og leirur. Einnig hefur sveitarfélagið leitað leiða til að draga úr kostnaði við jarðgangaleið D2 og skoðað nýja valkosti R og A3.

Niðurstaða málsmeðferðar sem fylgir lögum og reglum er skýr. Ef bæta á samgöngur og umferðaröryggi í Reykhólahreppi eins fljótt og auðið er, þá er valkostur Þ-H eina færa leiðin. Málsmeðferð sveitarfélagsins hefur því verið fagleg.

Umferðaröryggi

Við gerð aðalskipulagstillögu fór fram ítarleg greining og skoðun á valkostum og hvort breyting á aðalskipulagi nái markmiðum sem sett voru fram. Í byrjun árs 2019 lagði Vegagerðin fram frumdrög að umferðaröryggismati á fjórum veglínunum Vestfjarðavegar; Þ-H, D2, R og A3. Meginniðurstaða matsins var að þar sem „leið R byggir að þriðjung á að notast við núverandi veg, sem uppfyllir ekki kröfur um vegferla, 8 m vegbreidd og fláa, þá kemur leið R mun óhagstæðar út m.t.t. umferðaröryggis en hinir valkostirnir.“ Samkvæmt umferðaröryggismati Vegagerðarinnar kemur leið R langverst út.

Reykholahreppur hefur ekki forsendur til að draga í efa niðurstöðu úttektar á umferðaröryggi valkosta. Þar sem leið R kemur talsvert verr út í samanburði við aðra valkosti til skoðunar hvað varðar umferðaröryggi, er Reykholahreppi ekki heimilt skv. vegalögum að leggja hana til.

Kostnaður

Kostnaðaráætlun fyrir leið Þ-H er 7,3 ma.kr., fyrir leið D2 er hún 13,3 ma.kr. og áætlun fyrir leið A3 er 11,2 ma.kr., skv. mati Vegagerðarinnar (2018). Kostnaður vegna R leiðar er talinn vera um 7,8 ma.kr. skv. mati Multiconsult (2018).

Það hefur komið skýrt fram hjá stjórnvöldum að ekki sé unnt að tryggja umframfjárveitingar við þá 6,7 ma.kr. sem hafa verið samþykktir í framkvæmdir við Vestfjarðaveg. Vegna aukins kostnaðar er því óljóst hvort og hvenær unnt yrði að ráðast í framkvæmdir skv. leið A3 og D2.

Reykholahreppur óskaði eftir að Multiconsult myndi rýna kostnaðaráætlanir Vegagerðarinnar. Megin niðurstaða þeirrar rýni var að Multiconsult metur kostnað við Þ-H um 10% lægri en Vegagerðin og kostnað við D2 um 30% lægri. Vegagerðin hefur ekki breytt kostnaðaráætlunum sínum eftir þessa rýni, þar sem þær byggja á rauntölum úr nýjustu útboðum í jarðganga- og vegaframkvæmdum á Íslandi. Reykholahreppur hefur ekki frekari forsendur til að draga í efa kostnaðaráætlanir Vegagerðarinnar.

Valkostagreining

Reykholahreppur hefur skoðað áhrif mismunandi valkosta á umhverfi, samfélag, þ.m.t. á atvinnulíf á Reykhólum, umferðaröryggi og kostnað. Það eru mismunandi kostir og gallar við hvern valkost til skoðunar, og er gerð grein fyrir þeim í greinargerð aðalskipulagsbreytingar.

Mótvægisáðgerðir

Í greinargerð aðalskipulagsbreytingar kemur skýrt fram að þótt gripið verði til mótvægisáðgerða, verður ekki hægt að bæta fyrir sjávarfitjar, sérstæðan birkigróður og votlendi yfir 2 ha að stærð sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Engu að síður er mikilvægt að draga sem kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum með mótvægisáðgerðum. Settir eru fram skilmálar um endurheimt á gróðurlendum, votlendi og birkiskóg sem tapast og það er gerð krafa um tilraunir til að endurheimta leirur.

Með þessu er leitað leiða til að draga sem kostur er úr neikvæðum áhrifum á leið Þ-H.

Umhverfismat og nauðsynleg gögn

Það liggja því fyrir upplýsingar um umhverfisáhrif valkosta. Í aðalskipulagsbreytingu hefur Reykholahreppur aflað ítarlegra gagna um margvíslega þætti, m.a. valkostaskýrsla Viaplan, rannsóknir Hafrannsóknarstofnunar, umferðaröryggismat á öllum valkostum, uppfærðar kostnaðaráætlanir, tillögur að nýjum valkostum, rannsókn Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri á samfélagsáhrifum, nýir útreikningar verkfræðistofunnar Vatnaskila á straumhraða og botnrofi við þveranir sem og rýni og tillögur Multiconsult á fyrirliggjandi og nýjum veglínunum. Auk þess er stuðst við ítarleg gögn sem fylgdu með matsskýrslu Vegagerðarinnar.

Það liggja því fyrir ítarleg og nægjanleg gögn til að taka ákvörðun um leiðaval í skipulagi.

Samfélagsáhrif

Sveitarfélagið telur brýna þörf fyrir samgöngubætur sem felast í auknu umferðaröryggi, aukinni greiðfærni og styttingu leiða í samræmi við markmið aðalskipulagsbreytingarinnar. Sú þörf tekur til mun fleiri hagsmuna en Reykhólahrepps eingöngu, þar sem hagsmunir ná til allra Vestfjarða. Óásættanleg bið hefur verið á samgöngubótum. Upplýsingar frá Vegagerðinni og samgönguráðherra um að leiðir D2 og A3, sem hafa minni umhverfisáhrif í för með sér, geti orðið til þess að seinka framkvæmdum enn frekar, geri það að verkum að Reykhólahreppur telur að hagsmunir samfélagsins vegna bættra samgangna séu meiri en þau neikvæðu umhverfisáhrif sem verkefnið hefur í för með sér. Þá ber að horfa til þess að samkvæmt umferðaröryggismati Vegagerðarinnar kemur leið R langverst út, og Vegagerðin telur þá leið ekki ásættanlegan kost.

Niðurstaða ítarlegrar skoðunar sveitarfélagsins er að Leiðir D2 og R eru síðri en leið Þ-H og A3 hvað varðar umferðaröryggi skv. umferðaröryggismati. Leiðir D2 og A3 kunna að hafa alvarleg neikvæð samfélagsáhrif, ef fresta þarf nauðsynlegum og þörfum samgöngubótum vegna kostnaðar og forgangsroðunar fjármuna til vegaframkvæmda á landinu. Því telur Reykhólahreppur að leiðir D2 og A3 muni ekki uppfylla markmið með samgöngubótum eins og leið Þ-H.

Niðurstaða

Sveitarfélagið telur að það hafi uppfyllt rannsóknarskyldu sína í undirbúningi fyrir ákvörðun um aðalskipulagsbreytingu Vestfjarðavegar um Gufudalssveit. Það er brýn þörf á samgöngubótum. Sveitarfélaginu er óheimilt að leggja fram valkost R, þar sem umferðaröryggi þess kosts er talsvert síðra en annarra kosta. Í vinnu sveitarfélagsins hafa einnig komið skýr svör um að ekki verði unnt að bæta við 4-6 ma.kr. fjárveitingu sem til þarf, við þá 7,3 ma.kr. sem þegar liggja fyrir í Vestfjarðaveg.

Því er það niðurstaða að hagsmunir samfélagsins vegna bættra samgangna séu meiri en þau neikvæðu umhverfisáhrif sem þau hafi í för með sér. Að teknu tilliti til samfélagsáhrifa, umhverfisáhrifa, samgöngubóta, tímasetninga, mótvægisáðgerða og vöktunar leggur sveitarfélagið til að setja leið Þ-H í aðalskipulag sveitarfélagsins með ákveðnum skilmálum.

Sveitarfélagið þakkar umsagnaraðilum um tillögu að aðalskipulagsbreytingu Vestfjarðavegar frá Bjarkalundi að Skálanesi fyrir umsagnir og athugasemdur. Sveitarstjórn lítur á að í uppfærðri skipulagsbreytingu hafi verið brugðist við öllum athugasemdum sem borist hafa vegna aðalskipulagsbreytingarinnar. “

Oddviti bar því næst upp tillögu minnihluta skipulagsnefndar um að fara ÞH-leið. Samþykkt með 3 kv. gegn 2. JÖE, ÁHH og EDBJ greiddu atkvæði með tillögunni en II og KK gegn.

Við samþykkt á breytingu á Aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 leggur Reykhólahreppur samhliða fram greinagerð með rökstuðningi fyrir endanlegri afgreiðslu, þar sem gerð er grein fyrir því hvernig umhverfissjónarmið hafa verið felld inn í áætlunina og brugðist hafi verið við athugasemdum, í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Sveitarstjórn samþykkir breytingu á aðalskipulagi sem hefur hlotið málsmeðferð samkvæmt skipulagslögum og vísar henni til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun. Sveitarstjóra falið koma viðeigandi gögnum til Skipulagsstofnunar.

ÁHH lagði fram svohljóðandi bókun:

„Ég vil byrja á að fara yfir það að sveitarstjórn var búin að samþykkja leið, það var gert á fundi sveitarstjórnar 22. janúar á þessu ári og þá var ákveðið að fara með Vestfjarðaveg Þ-H leið. Kosið var um það og meirihluti sveitarstjórnar var því fylgjandi.

Eftirfarandi bókuðu Ingimar, Karl og Ágústa Ýr Sveinsdóttir, sem sat fund sem varamaður, á sveitarstjórnarfundi þann 19. febrúar síðastliðinn: *"En þar sem leið Þ-H var ákveðin af meirihluta sveitarstjórnar 22. janúar s.l. munum við ekki standa í vegi fyrir frekari afgreiðslu málsins. Því sitjum við hjá."*

Mér þykir gott að menn komi skoðunum sínum á framfæri en eftir bókunina frá fundi sveitarstjórnar 19. febrúar þykir mér sláandi að Ingimar Ingimarsson og Karl Kristjánsson skuli hafa tekið þá stefnu á fundi skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar og leggja til að fallið verði frá þeirri ákvörðun.

Ég stend með ákvörðun minni frá fundi sveitarstjórnar 22. janúar 2019.“

EDBJ lagði fram svohljóðandi bókun:

„Ég legg til að engar fleiri tafir verði á málinu og málið keyrt í gegn að fullum krafti. Einnig að Ingimar og Karl standi við sína bókun frá 19. febrúar síðastliðnum.

Ég stend með ákvörðun minni frá fundi sveitarstjórnar 22. janúar 2019.“

JÖE lagði fram svohljóðandi bókun:

„Í upphafi bókunar langar mig að óska eftir að fá yfirlýsingu oddvita ljósritaða eða útprentaða þar sem hún er ekki bókuð inn á fundinn. Í greinagerð Ingimars Ingimarssonar og Karls Kristjánssonar er vitnað í bókun frá mér og Emblu Dögg:

„Sveitarfélaginu hafa verið settar fjárhagslegar skorður við leiðarval í þessu ferli og lítum svo á að það hafi ekki raunverulegt val um leið, heldur sé það að samþykkja leið sem stjórnvöld leggja til. Þar með setjum við spurningarmerki við hvort skipulagsvald liggi í raun og veru hjá sveitarfélögunum.“

Ingimar Ingimarsson og Karl Kristjánsson túlka svo þessa bókun svona: *„Ljóst er af þessum bókunum að voldug ríkisstofnum með stjórnkerfið og fjárveitingarvaldið á bak við sig hefur beitt stöðu sinni þannig að kjörnir fulltrúar telja sig ekki geta gætt hagsmuna umhverfis og samfélags í Reykhólahreppi með eðlilegum hætti.“*

Lögum samkvæmt er sveitarfélaginu óheimilt að víkja frá tillögu Vegagerðarinnar ef það leiðir til minna umferðaröryggis. Þarna takmarka vegalög skipulagsvald sveitarfélaga að einhverju leiti. Ég lít því svo á að R sé ekki fær í raun og veru.

Fjárhagslegar skorður snýr ekki að leiðarvalinu sjálfu og fjárhagslegum mun á leiðum heldur rannsóknarskyldu sveitarfélagsins. Allur aukakostnaður er fljótur að telja, hver skýrsla sem

gerð hefur verið kostar. Nú er jöfnunarsjóður að draga saman seglin, staðgreiðslutekjur sveitarfélagsins að minnka og tel ég fjármagni sveitarfélagsins betur varið öðruvísi en að halda áfram rannsóknum á vegstæði sem uppfyllir ekki kröfur um umferðaröryggi. Við erum nú þegar búin að leggja ansi háar fjárhæðir í að sinna rannsóknarskyldu sveitarfélagsins á aðalskipulags breytingu og höfum veitt þessu máli faglega og vel unna málsmeðferð.

Ingimar Ingimarsson og Karl Kristjánsson vitna í skólaakstur barna í kaflanum Öryggisþættir í greinagerðinni. Vissulega yrði stytting á vegalengdum skólabarna samkvæmt R leið. Hinsvegar er umferðaröryggi töluvert verra en í Þ-H þar sem þessi börn, sem þeir vitna í, þurfa bæði að fara yfir fjallveg og svæði þar sem er snjóflóðahætta. Fjárhagslegar skorður sveitarfélagsins snúa einnig að vetrarþjónustu. Kostnaður við vetrarþjónustu á þeim vegi myndi falla á sveitarfélagið til hálfis á móti Vegagerð (helmingamokstur) og yrði hár liður í auknum útgjöldum sveitarfélagsins þar sem sinna þyrfti vetrarþjónustu daglega.

Sveitarfélagið Reykhólahreppur er landbúnaðarsveitarfélag þar sem hlúa þarf að byggð jafnt í þorpinu og í sveitinni.

Ákvörðun sveitarstjórnarfulltrúa er upplýst, málsmeðferð er fagleg og tekur mið af því að svara brýnni nauðsyn á vegaúrbótum. Ég tel að almennar skyldur mínar sem sveitarstjórnarmanns hafi verið uppfylltar en í 24. gr. Sveitarstjórnarlaga 138/2011 segir: „Sveitarstjórnarmönnum ber að gegna starfi sínu af alúð og samviskusemi. Sveitarstjórnarmönnum ber í hvívetna að gæta að almennum hagsmunum íbúa sveitarfélagsins sem og öðrum almannahagsmunum.”“

II lagði fram svohljóðandi bókun:

„Ég lýsi yfir miklum vonbrigðum með val meirihluta sveitarstjórnar Reykhólahrepps á leið Vestfjarðarveggar 60 í gegnum Reykhólahrepp. Öllum er kunnugt um þau miklu og óafturkræfu náttúruspjöll sem af Teigskógsleið hlýst. Meirihlutinn hefur með þessu ákveðið að halda áfram með leið sem hefur velkst um í kerfinu í tæp 17 ár. 17 ár þar sem málið hefur farið fyrir dómstóla og leiðinni hafnað, fyrst af skipulagsstofnun svo af héraðsdómi og síðast af hæstarétti. Þetta kallast að spóla áfram í sömu hjólförum, í þeirri veiku von að nú muni takast að eyðileggja svæði á náttúruminjasrá við og í Teigskóg. Nú hljóta menn að fagna hjá Vegagerðinni að hafa fengið tilraunasvæði fyrir því hvort vegi þyngra náttúra eða vegagerð. Meirihlutinn hafði það í hendi sér að velja aðrar leiðir sem valda mun minni skaða á umhverfinu, vegna þess að allar aðrar leiðir hafa minni áhrif á umhverfið en Teigskógs leið. Þorpið á Reykhólum og Reykhólahreppur stendur frammi fyrir miklum breytingum á næstu árum og það er í okkar höndum að byggja innviði samfélagsins þannig að þorpið og byggðin öll þoli þær breytingar. Það er ekki beinlínis bjart framundan fyrir þorpið á Reykhólum, íbúum fækkar. Íbúum dvalarheimilsins Barmahlíðar fækkar svo, að vart er rekstrargrundvöllur fyrir rekstri þess lengur. Byggja á nýja þörungaverksmiðju í samkeppni við 40 ára gamla verksmiðju okkar. Enginn vill leggja ljósleiðara um þorpið okkar nema gegn háu gjaldi og ekki megum við það, heita vatnið sem við höfum allt um kring er svo dýrt að enginn hefur áhuga á að koma til að nýta það og lögbvinguð sameining vofir yfir. Vegurinn að þorpinu, sem skólabörnum er ekið á hverjum degi, stenst ekki öryggiskröfur vegagerðarinnar og er ekki mokaður á þriðjudögum eða laugardögum.

Fólksfækkun í Reykhólahrepp var 9,4% 2017-18. 9,4% fækkun á einu ári getur ekki farið vel með lítið sveitarfélag ef nokkurt sveitarfélag. Við þessa fólksfækkun, breytingu á lögum um jöfnunarsjóð og hallarekstur stofnunar, sem sveitarfélagið rekur fyrir ríkið, minnka tekjur sveitarsjóðs svo um munar. Minni tekjur þýðir lakari þjónusta, minni uppbygging og takmarkað viðhald eigna. Ofan á þetta hefur þorpið fengið meirihuta sveitarstjórnar sem ekki hefur meiri áhuga á uppbyggingu þess en ætla að leggja framtíðar hringveg 2, sem nú er hefjast markaðsókn fyrir, um svæði á náttúruminjaskrá í stað þess að leggja hann við þorpið. Reykhólaþorpið er ekki stórt eða fjölmennt, en þetta er kjarninn í byggðinni okkar. Kjarninn sem við hljótum að vera sammála um að við viljum halda í. Hér er skólinn okkar, hér er leikskólinn okkar, hér er dvalarheimilið okkar, hér verslunin okkar, hér er stjórnsýslan okkar og hér er þjónustan okkar. Það hlýtur að vera öllum ljóst miðað við ofangreint að kjarninn okkar er kominn að þolmörkum. Það er því skylda okkar sem sitjum í sveitarstjórn að standa vörð þennan kjarna, efla hann og byggja upp. Sú leið sem meirihlutinn leggur til tekur ekkert á því brýna verkefni að efla og byggja upp kjarnan okkar. Ég kys með framtíð Reykhólaþorpsins og Reykhólahrepps þess vegna segi ég já við leið við þorpið á Reykhólum og nei við leið náttúruspjalla um Teigskóg.“

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

2. Mennta- og menningarmálanefndar frá 1. október 2019:

ÁHH fór yfir fundargerðina.

Vegna 1. liðar samþykkir sveitarstjórn að tryggja fjármagn vegna skólaferðalaga 7.og 9. bekkjar.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

3. Velferðarnefnd frá 24. september 2019:

EDBJ fór yfir fundargerðirna.

Hún samþykkt.

Mál til afgreiðslu.

4. Vatnsveita - úrbætur:

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála vatnsveitu. Hann kynnti að keypt hefðu verið tæki til að geisla neysluvatn á Reykhólum og stefnt að koma þeim í gagnið innan fátíðra daga. Fjármögnun vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunnar.

5. Kjarasamningar:

Sveitarstjórn Reykhólahrepps lýsir yfir vonbrigðum með einhliða ákvörðun stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, án andmælaréttar, að vísa Reykhólahrepp, Súðavíkurrepp og Tjörneshrepp úr launanefnd sambandsins fyrir það eitt að gera vel við starfsfólk sitt.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samvinnu við aðra að annast samningagerð fyrir hönd Reykhólahrepps.

6. Tjaldsvæði - útleiga:

Samþykkt að bjóða út rekstur tjaldsvæðis Reykhólahrepps við Grettislaug á Reykhólum.

7. Verktrygging Hólabúð:

Sveitarstjóri kynnti að hann hafi falið lögfræðingi sveitarfélagsins að kanna réttstöðu þess gagnvart ábyrgð byggingastjóra vegna framkvæmda að Hellisbraut 72.

8. Starfsmannamál:

Lagðar fram tvær umsóknir.

Samþykkt að ráða Guðmund Arnarsson enda uppfyllir hann framsett skilyrði.

Jafnframt staðfestir sveitarstjórn ráðningu Guðrúnar Elínar Benónýsdóttur í starf félagsmálastjóra og býður hana velkomna til starfa.

9. Slökkvilið:

Lögð fram úttekt á slökkviliði Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar. Unnið er að úrbótum.

10. Sóknaráætlun Vestfjarða:

Rætt um áætlunina.

11. Fjárhagsáætlun Reykhólahrepps 2020 - fyrri umræða:

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun fyrir Reykhólahrepp og stofnanir hans til fyrri umræðu.

Lögð fram drög að breytum og bættum vinnubrögðum vegna vinnu við fjárhagsáætlun sem verði rædd á milli funda og kynnt á forstöðumannafundi.

Fjárhagsáætluninni vísað til síðari umræðu.

Mál til kynningar:

12. Mynd frá Flatey:

Ólafur Þór Ævarsson hefur fært Reykhólahreppi að gjöf mynd frá Þorpinu í Flatey fyrir hönd afkomenda Ólafs Danélssonar.

Sveitarstjórn þakkar gjöfina.

13. Vestfjarðarstofa - fundargerð og gögn:

Lögð fram.

Önnur mál:

14. Fundarboð - Framtíð Breiðafjarðar:

Lagt fram fundarboð um „framtíð Breiðafjarðar“ í Tjarnarlundi 23. okt nk.

15. Sala íbúða:

Sveitarstjóri kynnti verðhugmyndir vegna fyrirhugaðrar sölu á íbúðum í eigu hreppsins.
Leigjendur njóti forkaupsréttar.
Samþykkt.

16. Hótelið í Flatey - forkaupsréttur:

Lagt fram bréf frá Þórði Bogasyni hrl. fyrir hönd Minjaverndar hf. vegna forkaupsréttar
sveitarfélagsins á húseignum Minjaverndar í Flatey.
Reykholahreppur fellur frá forkaupsrétti.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:45
